

21. MARS 2015



HUG-
REKKI

MANN-
VIRÐING

SAM-
HYGD

ÁRSSKÝRSLA GEDHJÁLPAR
2014

Landssamtökin Geðhjálpar eru frjáls félagasamtök fólks með geðrænan vanda, aðstandenda þeirra, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks með geðraskanir og geðfötlun. Markmið samtakanna er að stuðla að umbótum í geðheilbrigðisþjónustu og vinna að bættum hag fólks með geðrænan vanda, barna og fullorðinna, og aðstandenda þeirra.

Stofnfundur Geðhjálpar var haldinn þann 9. október árið 1979. Samtökin eiga því 36 ára starfsafmæli á árinu. Um starfsemina fer samkvæmt lögum Geðhjálpar, t.a.m. um árlegan aðalfund, hlutverk stjórnar og framkvæmdastjóra. Félagar í Geðhjálpar eru 1.337 talsins, 520 hefðbundir félagar og 817 styrktarfélagar.

Aðalfundur Geðhjálpar var haldinn samkvæmt hefðbundinni aðalfundardagskrá þann 22. mars 2014. Í samræmi við lagabreytingu um fjölgun stjórnarmanna úr sex í átta skipuðu eftirfarandi átta aðalmenn (auk formanns) aðalstjórn félagsins eftir fundinn. Tveir fulltrúar voru kosnir í varastjórn.

Aðalstjórn Geðhjálpar skipuðu eftir fundinn:

- Hrannar Jónsson (formaður)
- Sveinn Rúnar Hauksson (varaformaður)
- Þórður Ingbórsson (gjaldkeri)
- Maggý Hrönn Hermannsdóttir (ritari)
- Bergþór Böðvarsson
- Héðinn Unnsteinsson
- Róbert Lagerman
- Sigrún Heiða Birgisdóttir
- Sylviane Pétursson-Lecoultré

Varastjórn skipuðu eftir fundinn:


- Jón Tryggvi Sveinsson
- Gunnar Einarsson

Geðhjálp rak öfluga starfsemi á fjórum megin sviðum á árinu. Sviðin eru **ráðgjöf, hagsmunagæsla, þekkingaruppbygging** og síðast en ekki síst **innra starf**. Hér verður gerð frekari grein fyrir starfseminni innan hvers megin sviðs.

RÁÐGJÖF

Ráðgjafi Geðhjálp var sinnti 675 erindum eða ríflega 150 fleiri en sinnt var árið á undan á árinu 2014. Rétt er að taka fram að ráðgjafinn tók til starfa í byrjun nóvember árið 2013. Áður hafði annar ráðgjafi sinnt starfinu fram á vor. Enginn ráðgjafi starfaði á vegum félagsins yfir hásumarið 2013.

Fjöldi erinda sveiflaðist nokkuð eftir mánuðum í árinu, sbr. meðfylgjandi töflu. Helgast munurinn af aðsókn og fríum ráðgjafa.



Af 675 erindum komu 70% frá notendum, 26% frá aðstandendum og 4% frá öðrum. Þegar erindi berast frá öðrum en notendum eða aðstandendum er oftast um fagaðila, starfsmenn stofnana eða kennara að ræða. Erindum er ýmist svarað í gegnum síma (259), tölvupóst (44) eða í viðtölum (372) í húsakynnum Geðhjálp var í Borgartúni 3.

Að baki viðtalanna voru 168 einstaklingar, 99 konur og 69 karlar, og kom hver einstaklingur að meðaltali í 2,2 viðtöl. Algeng vandamál voru þunglyndi, kvíðaraskanir, geðhvörf, ADHD, persónuleikaraskanir, ranghugmyndir, vímuefnaneysla, ástarsorg, reiðivandi, tölvufíkn og félagsleg einangrun.

Af hópnum voru flestir eða 58% búsettir í Reykjavík, talsvert færri eða 16% á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur, 13% á landsbyggðinni og 2% erlendis. Nítján eða 11% gáfu ekki upp búsetu sína. Samsvarandi tölur eru ekki til fyrir árið 2013.

Ráðgjöf á vegum Geðhjálp var er frí og stendur öllum almenningi til boða á almennum skrifstofutíma.

HAGSMUNAGÆSLA

Hátt í 20% erinda til ráðgjafa sneru að hagsmunagæslu á árinu 2014. Afgreiðsla erindanna fólst í því að veita einstaklingum aðstoð við að leita réttar síns gagnvart opinberum aðilum, einka og félagageiranum. Erindin voru talvert ólík í eðli sínu og tímafrekari í afgreiðslu en almenn erindi.

Annars konar hagsmunagæsla á vegum Geðhjálpar fólst í þátttöku samtakanna í ýmis konar stefnumörkun á vegum stjórnvalda. Hæst bar þátttöku samtakanna í fimm undirhópum um mótun geðheilbrigðisstefnu á vegum heilbrigðisráðherra í velferðarráðuneytinu. Meðal tillagna undirhópanna eru tillögur um eflingu geðheilbrigðisþjónustu á heilsugæslustigi, bætt aðgengi að sjálfræðiþjónustu, uppbyggingu öldrunargeðdeildar og skimun fyrir geðröskunum meðal unglinga í efstu bekkjum grunnskóla. Stefnt er að því að leggja fram þingsályktunartillögu um geðheilbrigðisstefnu á yfirstandandi vörþingi.

Geðhjálp átti fulltrúa í hópi um endurskoðun gildandi lögræðislaga í innanríkisráðuneytinu á árinu. Í umsögn samtakanna um drög að frumvarpi til breytinga á lögnum segir að ekki hafi verið gengið nægilega langt í að draga úr ofbeldi og þvingun í geðheilbrigðiskerfinu í fyrirbyggjandi breytingartillögum. Frumvarpið verður lagt fram á Alþingi á allra næstu vikum. Geðhjálp á einnig fulltrúa í nefnd um fjölskyldustefnu, vinnumarkaðsstefnu og vinnuverndarstefnu innan velferðarráðuneytisins. Formaður Geðhjálpar á sæti í velferðarvakt velferðarráðuneytisins.

Samtökin hafa átt frumkvæðið og tekið þátt í opinberri umræðu um fjöldann allan af brýnum hagsmunamálum notenda á árinu, m.a. val á lögráðamönnum sjálfræðissviþra, aðstæður fólks með geðklofa, þjónustu við börn og ungmenni með geðrænan og vímuefnavanda og niðurskurð í heilbrigðiskerfinu.

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu sér aðstæður fanga á Litla-Hrauni og Sogni seint á árinu 2013. Vakin var athygli fjölmiðla á slæglegri geðheilbrigðisþjónustu við þennan hóp í framhaldi af heimsóknunum og aftur undir lok ársins.

Síðast en ekki síst sendi félagið inn umsagnir um nokkur lagafrumvörp og sótti í tvígang fundi velferðarnefndar Alþingis til að fylgja eftir tillögum að nauðsynlegum réttarbótum á árinu.

ÞEKKINGARUPPBYGGING

Geðhjálp hélt tvö fjölmenn málþing á árinu auk annarra funda. Fyrra málþingið var haldið undir yfirskriftinni *Hvers virði er frelsið?* á Grand Hótel þann 23. janúar. Meginmarkmið málþingsins var að leiða fram sjónarmið notenda, aðstandenda og fagfólks í því skyni að draga úr ofbeldi og þvingun í geðheilbrigðisþjónstu. Þátttakendur voru um 300 talsins, notendur, aðstandendur og fjölbreyttur hópur fagfólks, m.a. úr félags-, heilbrigðis- og lögfræðigreinum. Afraksturinn var kynntur fjölmiðlum og fulltrúum stjórnvalda í hópi um endurskoðun á lögræðislögnum í innanríkisráðuneytinu.

Félagið stóð fyrir fyrirlestri um viðbrögð starfsmanna geðsviðs um ofbeldi af hendi sjúklunga í kjölfarið eða í byrjun júní.

Seinna málþingið undir yfirskriftinni *Börn og ungmenni með tvíþættan vanda* var haldið á Grand Hótel í samvinnu við félagið Olnbogabörn þann 23. október síðastliðinn. Meginmarkmið málþingsins var að kynna sjónarmið notenda og vekja athygli á því hvar pottur væri brotinn í þjónustu við börn og ungmenni með tvíþættan vanda og aðstandendur þeirra í samfélaginu. Þátttakendur voru ríflega 370 talsins, notendur, aðstandendur og fagfólk úr ýmsum geirum. Afrakstur málþingsins var kynntur fulltrúum fjölmiðla og alþingismönnum í kjölfarið.

Eftirfylgnifundur eftir málþingið var haldinn þann 12. mars síðastliðinn. Þar var lögð áhersla á að leita svara fulltrúa viðeigandi stofnana á því hvernig hægt væri að bæta þjónustuna. Niðurstöður fundarins verða kynntar heilbrigðis- og félagsmálaráðherra á næstu vikum.

Af öðrum fundum má nefna opinn fyrirlestur Daniels Mackler, eins af frumkvöðlum batahreyfingarinnar í Bandaríkjunum, þann 22. júní. Fram fór ræðumaræðun Geðhjálpar í Kringlunni í tilefni af 35 ára afmæli félagsins þann 9. október. Þar stigu 44 ræðumenn á stokk flutti hver um sig 15 mínútna erindi og/eða texta í tengslum við geðheilbrigði.

Geðhjálp hefur miðlað fræðslu og upplýsingum til notenda, aðstandenda, fagfólks og annarra áhugasamra eftir fjölbreyttum leiðum á árinu.

1. Geðhjálp hélt fjölda fræðslufyrirlestra í skólum og opinberum stofnunum á árinu.
2. Geðhjálp hefur unnið að gerð nýrrar heimasíðu fyrir félagið. Verkefnastjóri hefur safnað saman rafrænni umfjöllun um Geðhjálp og geðheilbrigði til þess að færa inn á síðuna.
3. Geðhjálp miðlaði fréttum og upplýsingum um geðheilbrigðismál á facebook síðu sinni <https://www.facebook.com/Landssamtokin.Gedhjalp?fref=ts> og á heimasíðu félagsins <http://www.gedhjalp.is/>.
4. Geðhjálp gaf út Geðhjálparblaðið á 35 ára afmælisdegi félagsins þann 9. október. Blaðið er stútfullt af efni um geðheilbrigði, geðheilbrigðisdaginn 10. október og þema dagsins *Lifað með geðklofa*.
5. Geðhjálp átti frumkvæðið og hélt utan um útgáfu frjálsra félagasamtaka á geðheilbrigðissviði á bæklingum *Krossgötum* á fyrrihluta ársins. Bæklingurinn hefur að geyma upplýsingar um starfsemi samtakanna.
6. Geðhjálp samdi við útgáfufyrirtækið Curtis Brown um útgáfu á bókinni *I had a Black Dog* eftir Ástralann *Matthew Johnstone*. Bókin lýsir líðan þunglyndissjúklings með einstaklega raunverulegum hætti á uppbyggilegan og myndrænan hátt. Stefnt er að því að bókin komin út í íslenskri þýðingu í maí 2015. Henni verður dreift frítt til notanda og seld á almennum markaði gegn vægu verði.

INNRA STARF

Eftir að Geðhjálp hætti beinni þjónustu við notendur hefur félagið lagt áherslu á að skrifstofa þess sé ætíð opin gestum – *Open door policy*. Með sama hætti hefur verið lögð áhersla á að halda góðum tengslum við notendur og aðstandendur efna til reglulegra fræðslu og skemmtiviðburða.

- Efnt var til **kvikmyndakvölds** þann 14. janúar. Hátt í 40 manns horfðu á kvikmyndina *Kings Park*. Kvikmyndin fjallar um persónulega reynslu kvikmyndagerðarkonunnar Lucy Winer af því að leggjast inn á geðsjúkrahús þegar hún var 17 ára, stofnanavæðingu og afstofnanavæðingu í geðheilbrigðisgeiranum í Bandaríkjunum.
- Efnt var til **bókmenntakvölds** þann 11. febrúar. Hátt í 30 manns hlustuðu á Kristínu Steinsdóttur rithöfund fjalla um bók sína *Ljósu*.
- Efnt var til **Bingókvölds** þann 11. mars. Hátt í 60 manns tóku þátt í bingóinu og lögðu sitt af mörkum til rífandi stemningar um kvöldið.
- Efnt var til **Batakvölds** þann 8. apríl. Um 50 manns hlýddu á inngang Héðins Unnsteinssonar, stjórnarmanns í Geðhjálp, hlustuðu á þrjár batasögur og tóku þátt í Pálínuboði um kvöldið.
- Efnt var til **óvissu-göngu-ferðar** um Reykjavík undir stjórn Birnu Þórðardóttur þann 3. júní. Aðsókn í gönguna var góð þrátt fyrir rigningsudda.
- Efnt var til **minningarstundar** um Björk Agnarsdóttur, fyrrverandi stjórnarkonu í Geðhjálp og baráttukonu fyrir bættu geðheilbrigði, í safnaðarheimili Háteigskirkju 17. september.
- Efnt var til **Geðmarabons** í tilefni af 35 ára afmæli Geðhjalpar í Kringlunni 9. október.
- Efnt var til **Batakvölds** þann 10. nóvember. Hátt í 40 manns hlýddu á inngang Hrannar Jónssonar, formanns Geðhjalpar, og fjórar batasögur.
- Efnt var til **félagsfundar** laugardaginn 15. nóvember.
- Efnt var til **opins húss** á Þorláksmessu. Boðið var upp á veitingar í anda jólanna og voru allir gestir leystir út með gjöfum.

Síðast en ekki síst er rétt að geta þess að Geðhjálp hýsir starfsemi þriggja, sjálfstæðra sjálfshjálparhópa utan skrifstofutíma í húsakynnum sínum í Borgartúni 3, þ.e. geðhvarfahóps, félagsfælni- og kvíðahóps og tilveruhóps. Ráðgjafi heldur utan um starfsemi svokallaðs Batahóps á skrifstofutíma á mánudögum.

FJÁRHAGUR

Rekstrartekjur Geðhjálpar voru 31.741.020 kr. á árinu. Hæst nam framlag ríkisins, 17.000.000 kr. og Reykjavíkurborg 5.000.000 kr. Að viðbættum fjármagnstekjum að upphæð 5.389.015 kr. varð 2.564.666 kr. hagnaður á starfseminni á árinu 2014. Aðkeypt vinna vegna styrktarsafnana Miðlunar fyrir félagið nam ríflega fjórum milljónum króna. Miðað við áætlanir mun styrktarsöfnunin skila félaginu ríflega 6,5 milljónum í tekjur á yfirstandandi ári. Handbært fé félagsins nam 146.792.255 kr. í árslok. Stærstur hluti þess fjármagns skýrist af sölu félagsins á Túngötu 7 árið 2013.

Stjórn Geðhjálpar tók ákvörðun um að festa kaup á húsnæði undir starfsemi félagsins í Borgartúni 30 á 90,6 milljónir króna í byrjun þessa árs. Áætlaður kostnaður við endurnýjun húsnæðisins er talinn nema á bilinu 15 til 20 milljónum króna. Af því leiðir að handbært fé Geðhjálpar mun lækka talsvert á milli ára.

Fyrir liggur að velferðarráðuneytið mun styrkja starfsemi samtakanna um 17,5 milljónir króna á yfirstandandi ári. Reykjavíkurborg mun leggja til 4 milljónir króna og von er á rekstrarstyrk frá Öryrkjabandalaginu.

FRAMTÍÐIN

Stjórn Geðhjálpar óskaði eftir því að fyrirtækið Miðlun safnaði styrktarfélögum fyrir hönd samtakanna síðasta haust. Söfnun styrktarfélag með símhringingum í svokallaðan „heitan“ hóp hefur skilað góðum árangri eða ríflega 15% heimtum. Heitur hópur felur í sér að einstaklingar innan hópsins hafa átt einhvers konar samskipti við Geðhjálp í gegnum tíðina, t.d. keypt af samtökunum geisladisk/a. Algengast er að styrktarfélagar greiði á bilinu 1.000 til 2.000 kr. mánaðarlega til félagsins.

Styrktarfélagar í Geðhjálp eru nú orðnir 817 talsins og á sú tala eflaust eftir að hækka á yfirstandandi ári. Hefðbundnum félögum var boðið að breyta félagsaðild sinni í styrktaraðild í byrjun ársins og breytti 29 manns aðild sinni í styrktarfélagaaðild. Eftir breytinguna er samtals 520 hefðbundir félagar í Geðhjálp. Hefðbundir og styrktarfélagar í Geðhjálp telja samtals 1.337 manns.

Fyrir aðalfundi liggur tillaga stjórnar um að styrktarfélagar njóti sömu réttinda og aðrir félagar í Geðhjálp, t.d. kosninga og kjörgengis í stjórn. Jafnframt felur lagabreytingin í sér stofnun, sjálfstæðra landshlutadeilda félagsins á landsbyggðinni.

NIÐURLAG

Geðhjálp hélt uppi kröftugri starfsemi á árinu 2014. Fleiri sóttu sér ráðgjafar til samtakanna en nokkurri sinni fyrr. Með sama hætti skilaði öflug hagsmunagæsla sér í árangri bæði til einstaklinga og stærri hópa, t.d. í gegnum lagabreytingar. Tvo fjölmenn málþing á vegum Geðhjálpar vöktu verðskuldaða athygli og skiluðu bæði beinum og óbeinum árangri til viðkomandi hópa. Virk þátttaka í opinberum umræðum um geðheilbrigðismál vakti athygli almennings og skilað sér í auknum skilningi gagnvart fólki með geðröskun og geðfötlun og áfram mætti telja.

Þó er ljóst á alltaf má gera betur. Enn er mikið verk að vinna, m.a. hvað varðar geðheilbrigðisþjónustu við minnhlutahópa eins og fanga, ungmenni með tvíþættan vanda, eldri borgara og ung börn. Ekki má heldur gleyma því að Geðhjálp á enn talsvert í land að ná því takmarki sínu að útrýma ofbeldi og þvingun úr geðheilbrigðisþjónustu. Þá felast sóknartækifæri í því að sækja fram úti á landsbyggðinni og í samstarfi við aðrar þjóðir.

Geðhjálp lítur björtum augum til framtíðar. Fjölgun félaga, nýtt húsnæði, aukinn skilningur og virkni úti í samfélaginu veitir samtökunum byr í seglin, kraft og þor til að ná enn meiri árangri á komandi árum.

Fyrir hönd Geðhjálpar,
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri.

